SAMKEPPNISSTOFNUN

RÁUÐARÁRSTÍGUR 10
PÓSTHÓLF 5120
125 REYKJAVÍK
SÍMI 552 7422
BRÉFASÍMI 562 7442
KT. 680269 - 5569

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 122/36
komudagur 7.11.197

Reykjavík, 6. nóvember 1997.

Samkeppnisstofnun hefur borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um lögmenn, 57. mál. Hefur athygli stofnunarinnar einkum beinst að ákvæðum IV. kafla laganna um leiðbeinandi reglur um innheimtuþóknun. Vill Samkeppnisstofnun í því sambandi benda á eftirfarandi:

Eftir gildistöku samkeppnislaga árið 1993 óskaði Lögmannafélag Íslands eftir undanþágu frá ákvæðum samkeppnislaga um bann við verðsamráði. Sneri beiðnin að undanþágu til að gefa út leiðbeinandi gjaldskrá m.a. í málum þar sem kröfu um greiðslu innheimtuþóknunar væri beint að skuldara kröfunnar. Var beiðni um undanþágu hafnað, bæði hjá samkeppnisráði og áfrýjunarnefnd samkeppnismála, þar sem slík gjaldskrá væri til þess fallin að hafa áhrif á aðrar gjaldskrár lögmanna og kostnaðartengdar breytingar á þeim og undanþága þannig fremur til þess fallin að draga úr verðsamkeppni milli lögmanna en auka hana. Þóttu því ekki lagaskilyrði fyrir veitingu undanþágu.

Í ákvæði 3. mgr. 24. gr. frumvarps til laga um lögmenn er að finna nýmæli um leiðbeiningar sem Lögmannafélag Íslands getur gefið út handa félagsmönnum sínum og öðrum lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Í athugasemdum með ákvæðinu er tekið fram að ekki sé um að ræða gjaldskrá milli lögmanns og viðskiptamanns, heldur leiðbeiningar um þann kostnað við innheimtu, sem hægt sé að krefja úr hendi skuldara. Eins og fram hefur komið í úrlausnum samkeppnisyfirvalda eru slíkar leiðbeinandi reglur um innheimtuþóknun í tilteknum málum til þess fallnar að mati Samkeppnisstofnunar að hafa áhrif á verðlagningu á þjónustu lögmanna

almennt og á þann hátt samkeppnishamlandi. Telur stofnunin því að verði ofangreint ákvæði lögfest muni það fara gegn markmiði samkeppnislaga.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Lögmannafélag Íslands, sem er í reynd félagsskapur keppinauta, gefi út hina leiðbeinandi gjaldskrá. Ef Alþingi telur þrátt fyrir fyrrgreind samkeppnishamlandi áhrif þörf á að setja leiðbeinandi reglur eða gjaldskrá í því skyni að gæta hagsmuna neytenda, þ.e.a.s. skuldara í þessu tilfelli, telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að það sé óháður aðili sem það geri. Að mati Samkeppnisstofnunar er með öllu óeðlilegt að hagsmunasamtök lögmanna, Lögmannafélag Íslands, gefi út leiðbeinandi reglur um gjaldtöku lögmanna. Þeim reglum er ætlað að gæta hagsmuna skuldara í innheimtumálum en telja verður að lögmenn sjálfir eigi annarra beinna hagsmuna að gæta í slíkum málum. Verði þetta fyrirkomulag að lögum eykur það til muna hættuna á alvarlegum samkeppnishömlum á markaðnum fyrir þjónustu lögmanna.

Virðingarfyllst,
f.h. Samkeppnisstofnunar

Guðmundur Sigurðsson
Forstöðumaður samkeppnissviðs